

Nr. 988

23. nóvember 2009

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á skipulagsskrá
fyrir sjóðinn Þjóðhátíðargjöf Norðmanna, sem staðfest var 30. maí 1975, nr. 279.

Stjórn sjóðsins hefur samþykkt eftirfarandi breytingar á skipulagsskrá sjóðsins:

7. gr. orðist svo:

Í stjórn sjóðsins skulu vera þrír menn: sendiherra Noregs á Íslandi skal sjálfskipaður, en tveir stjórnarmaðrarnar skulu skipaðir af mennta- og menningarmálaráðuneytinu til fjögurra ára í senn. Láti stjórnarmaður af störfum fyrir lok starfstímabils skal strax skipa annan mann í hans stað er sitji út skipunartímann. Stjórnin kýs formann og varaformann úr sínum hóp.

8. gr. orðist svo:

Mennta- og menningarmálaráðuneytið sér um ritara- og skrifstofustörf sjóðsins samkvæmt nánara samkomulagi milli ráðuneytis og sjóðstjórnar.

11. gr. orðist svo:

Skipulagsskrá þessari má breyta í samráði við mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Ofangreindar breytingar á skipulagsskrá fyrir sjóðinn Þjóðhátíðargjöf Norðmanna, staðfestast hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1988.

Sýslumaðurinn á Sauðárkróki, 23. nóvember 2009.

Ríkarður Másson.

Helgi M. Ólafsson.

B-deild – Útgáfud.: 11. desember 2009